

1. stjórnarfundur Arnardrangs hses.

19.12.2022

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 13:35

Mætt:

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Íris Ellertsdóttir og Arnar Haraldsson sem vék af fundi eftir lið 1.

Ása Valdís Árnadóttir ritaði fundargerð.

1. Rekstraráætlun Nauthagi 2

HLH ráðgjöf hefur undanfarið unnið að drögum að rekstraráætlun fyrir íbúakjarnann við Nauthaga 2 sem Arnardrangur hses er að byggja. Arnar Haraldsson hjá HLH fór yfir rekstraráætlunina næstu 3 árin, settar voru fram fjórar sviðsmyndir sem allar höfðu það sameiginlegt að hafa sjálfbærni Arnardrangs hses. að leiðarljósi. Arnar ætlar að laga til áætlunina miðað við umræður á fundinum og í kjölfarið þarf stjórn Arnardrangs hses. að ákveða þá leið sem farin verður.

2. Nauthagi 2

Vinna við uppbyggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk í eigu Arnardrangs hses. í Nauthaga 2 er hafin en vegna veikinda hjá Húsnæðis- og mannvirkjarstofnun hefur útgreiðsla stofnframlaga dregist. Greiða þarf út fjármagn í dag til að vinnan geti haldið áfram og hefur stjórn Bergrisans samþykkt að lána Arnardrangi fjármagn að upphæð 14.422.148.- krónur vegna framvindu 1 til 2 til að uppbyggingin frestist ekki enn lengur en hefur gert.

3. Aukaverk vegna Nauthaga 2

Fyrir liggur að fallið hefur til aukaverk við uppbyggingu á íbúðarkjarnanum við Nauthaga 2 vegna brottaksturs á efni en skipulagsyfirvöld í Árborg hafa ekki gefið leyfi fyrir að færa efni utan lóðar líkt og gert var ráð fyrir í útboðsgögnum. Kostnaðurinn við verkið er u.þ.b. 2,5 milljónir.

Stjórn Arnardrangs staðfestir að farið verði í aukaverkið en það rúmast fyrir innan áætlunar um aukaverk vegna byggingu íbúðarkjarnans.

Fundi slitið klukkan 14:00.